

Drangey

*Aðalfundur Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar,
haldinn 23. september 2016, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Drangeyjar styður eindregið stefnu LS um að strandveiðar verði heimilaðar fjóra daga í viku á tímabilinu maí til ágúst. Þá leggur Drangey áherslu á að heildaraflahámark í strandveiðum verði afnumið og að strandveiðiafli teljist ekki með í heildarafla skv. svokallaðri aflareglu. Daglegt aflahámark á bát, ásamt 4-4-14 reglunni er fyllilega nægjanleg stjórn á þessum vistvænu veiðum.
2. Aðalfundur Drangeyjar leggur til að gerð verði úttekt á notagildi björgunarþurrgalla, þ.e. hvernig það er að klæðast gallanum við hinar ýmsu aðstæður sem kunna að skapast á minni bátum.
3. Aðalfundur Drangeyjar leggst alfarið gegn því að hróflað verði við því banni gegn dragnótaveiðum sem í gildi hefur verið á Skagafirði.
4. Drangey skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að fiskirannsóknir verði eflaðar á grundvelli strandveiða og annarra krókaveiða og að meira verði nýtt af þekkingu og reynslu sjómanna við stjórn fiskveiða og ákvarðana um heildarafla.
5. Aðalfundur Drangeyjar vill að uppboðsleið á fiskveiðiheimildum verði skoðuð vandlega, enda tryggi slík aðferð meira jafnræði og jafnvægi í framboði og eftirspurn á kvótamarkaði. Útfærslan á uppboðsleiðinni þarf einnig að stuðla að nýliðun í greininni, tryggja jafnræði milli útgerðarflokka og taka tillit til breytileika útgerðar milli landshluta.

6. Fundurinn samþykkir eindreginn stuðning við erindi smábátæigenda á Hofsósi varðandi endurbætur á Hofsóshöfn sem kemur fram í bréfi til sveitarstjórnar.